

Nærvera og túlkun þýðandans Notkun hliðartexta í þýskri þýðingu á *Pilti og stúlku* eftir Josef C. Poestion

1. Inngangur

Árið 1883 kom *Piltur og stúlka* eftir Jón Thoroddsen í fyrsta sinn út í þýskri þýðingu. Hún bar heitið *Jüngling und Mädchen* og var gefin út af forlagi Óskars Parrisiusar í Berlín og Leipzig.¹ Þýðandi sögunnar var austurríski textafræðingurinn og Íslandsfræðingurinn Jósef Calasanz Poestion (1853–1922). Þýðingin var endurbætt og endurútgefin strax árið 1884 hjá hinu þekktu Philipp Reclam-forlagi í Leipzig og hefur þar komið út í þremur útgáfum, síðast í kringum 1900.²

1 Jón Thórdarson Thóroddsen, *Jüngling und Mädchen. Eine Erzählung aus dem isländischen Volksleben der Gegenwart*, þýð. Jos. Cal. Poestion, Berlin og Leipzig: Verlag Oscar Parrisius, 1883.

2 Jón Thórdarson Thóroddsen, *Jüngling und Mädchen. Eine Erzählung*, þýð. J.C. Poestion, Leipzig: Verlag Philipp Reclam jun., 1884–1900.

Bækurnar í ritróðinni „Reclams Universal-Bibliothek“ eru án ártals og því eru birtingarár útgáfnanna nokkuð á reiki. Þannig gefa ríkisbókasöfnin í Þýskalandi og Austurríki sem og íslenska Þjóðarbókhlaðan ýmist upp mismunandi ár allt frá 1883 til 1902 eða útgáfurnar eru án ártals. Þar sem ártalið hjá forlaginu Parrisius er staðfest, mun elsta Reclam-útgáfan varla hafa verið frá sama ári eða 1883. Á útgáfulista Reclam-forlagsins frá 1884 er *Jüngling und Mädchen* hins vegar nefnd sem númer 2226 og 2227. Ljóst er að samtals komu út þrjár útgáfur hjá Reclam. Íslenska leitarvél *leitir.is* gefur upp árin 1886, 1887 og 1888 fyrir þessar þrjár útgáfur. Poestion sjálfur nefnir í einum inngangstexta að um fjórðu útgáfuna sé að ræða. Í sömu bók vísar hann í önnur eigin rit með útgáfuári 1900. Fjórða útgáfan getur því ekki verið eldri en frá 1900 þó að *leitir.is* nefni ártalið 1888 og í skránni í Berlín komi fram árið 1895 en í München 1890. Í Þjóðarbókhöðunni hafa auk hæpinnar skráningar orðið þau mistök að titillblað annarrar útgáfu var límt framan á þá fjórðu sem kemur í ljós þegar nefndur inngangstexti eftir Poestion er skoðaður í sama eintaki. Þar sem á titillblaði Reclam-útgáfanna kemur fram „zweite, revidierte Auflage“ (önnur, endurskoðuð útgáfa), „dritte, durchgesehene Auflage“ (þriðja, yfirfarin útgáfa) og „vierte, durchgesehene Auflage“ (fjórða, yfirfarin útgáfa), má gera ráð fyrir því að umfangsmestu endurbæturnar megi finna í 2. útgáfu, sem er sú fyrsta sem kom út hjá Reclam, en minni endurbætur í 3. og 4. sem einnig komu út hjá Reclam.

Í íslenskri bókmenntasögu er þessi bók, sem fyrst leit dagsins ljós árið 1850 í Kaupmannahöfn, gjarnan álitin fyrsta sjálfstæða skáldsagan og hefur orðið mörgum að umfjöllunarefni gegnum tíðina.³ Önnur útgáfa með breytingum höfundar kom út í Reykjavík árið 1867.⁴ Í nýrri íslenskum rannsóknum hafa ýmsir þættir þessara tveggja útgáfna verið bornir saman. Haraldur Bernharðsson skoðar málfarslega uppbyggingu textanna og greinir breytingar í rit-hætti, orðalagi og orðavali. Vegna mikillar útbreiðslu átti skáldsagan verulegan þátt í þeirri stöðlun íslensks ritmáls sem átti sér stað á þessum tíma, en í henni fólst að ritmálið færðist fjær mæltu máli og nær eldra máli.⁵ Már Jónsson notast við áður lítt skoðaðar heimildir, svo sem sendibréf, reikninga og uppskriftir dánarbúa, til að varpa ljósi á sérstæða þætti í útgáfufurli og dreifingu beggja útgáfna. Samhliða þessu bendir hann á tvö áberandi innskot sem höfundur bætti inn í síðari útgáfuna, sem eru einkum áhugaverð í tengslum við greiningu á þýðingunni.⁶

Viðfangsefni þessarar umfjöllunar er greining á tilteknum þáttum í þýskri þýðingu Jósefs C. Poestion. Sjónum verður sérstaklega beint að notkun þýðandans á hliðartextum (e. *paratexts*). Þar sem Poestion endurskoðaði þýðingu sína og gaf hana út oftar en einu sinni, gefst hentugt tækifæri til samanburðar og mats á breytingunum sem hann réðst í. Þar að auki gefur samanburður við aðrar þýðingar Poestions úr íslensku vísbendingar um þýðingarstefnu hans og afstöðu til þýðinga almennt. Einnig verður tekið mið af öðrum ritum höfundar um Ísland sem geta varpað ljósi á viðhorf hans til viðfangsefnisins. Reynt verður að svara spurningum eins og: Hvert er markmið hans með skrifum sínum um Ísland og þýðingum á íslenskum bókmenntum? Hvernig metur hann textana sem hann þýðir og hvernig vill hann kynna þá fyrir lesendum sínum? Hvað

3 Jón Thoroddsen, *Piltur og stúlka. Dáltil frásaga*, Kaupmannahöfn, 1850; endurútgefin af Má Jónssyni: *Jón Thoroddsen, Piltur og stúlka. Dáltil frásaga*, Selfoss: Sæmundur, 2018; Steingrímur J. Þorsteinsson, *Jón Thoroddsen og skáldsögur hans 1–2*, Reykjavík: Helgafell, 1943; Matthías V. Sæmundsson, „Rómantísk skáldsagnagerð“, *Íslensk bókmenntasaga III*, ritstj. Halldór Guðmundsson, Reykjavík: Mál og menning, 1996, bls. 495–588.

4 Jón Thoroddsen, *Piltur og stúlka. Dáltil frásaga*, Reykjavík, 1867.

5 Haraldur Bernharðsson, „Jón Thoroddsen og málstöðlun níttjándu aldar. Nokkur málfarsatriði í skáldsögunni Pilti og stúlku 1850 og 1867“, *Orð og tunga* 2017, bls. 77–127.

6 Már Jónsson, „Skáldsagan Piltur og stúlka. Prófarir, prentun, dreifing, sala“, *Saga. Tímarit Sögufélags* 2/2016, bls. 143–171.

þykir þýðandanum sérlega mikilvægt við þýðingarvinnu sína og hvernig umgengst hann frumtextann og höfund hans?

2. Jósef Calasanz Poestion

Austurríkismaðurinn Jósef Calasanz Poestion var fornmenntafræðingur sem kenndi sjálfum sér skandinavísk tungumál og íslensku, samdi málfræðibækur um þau og gaf auk þess út fjölda þýðinga. Eftir því sem tímar liðu skipaði íslenskan æ mikilvægari sess í störfum hans. Fyrstu þýðingar hans voru úr forníslensku⁷ og fyrstu ritverk hans fjölluðu um menningu Forn-Grikkja og Rómverja og forníslenska menningu.⁸ Síðar sneri hann sér að íslenskum samtímabókmenntum, og skapaði það honum sérstöðu meðal þeirra fáu þýsku fræðimanna sem fengust við íslensku. Á sama tíma starfaði Poestion sem bókavörður í innanríkisráðuneyti Austurríkis og var orðinn yfirlingur þar undir lok starfsferils síns. Ritstörfum sinnti hann því samhliða aðalatvinnu sinni. Engu að síður ávann hann sér orðspor sem afkastamikill fræðimaður, var meðlimur í fjölda evrópskra og bandarískra fagfélaga (m.a. heiðursfélagi Hins íslenska bókmenntafélags) og hlaut heiðursdoktorsnafnbót við Háskólann í Graz.⁹ Sérstakt skjallasafn með skrifum hans var stofnað að honum látnum í byggðasafninu í fæðingar bæ hans, Bad Aussee.¹⁰ Af ýmsum heimildum er ljóst að Poestion átti í reglulegum bréfasamskiptum við áhrifamenn, rithöfunda og fræðimenn á Íslandi og víðar. Íslenskir vinir hans sáu honum fyrir upplýsingum, bókasendingum og afritum en aðstoðuðu hann einnig við þýðingar.¹¹ Á Íslandi var hans og verka hans getið með virðingu og í grein í tilefni af sextugsafmæli Poestions lagði heimspekingurinn Guðmundur Finnbogason áherslu á mikilvægi þýðinga, sem hefðu

7 *Fridthjofs Saga*. Übers. J.C. Poestion, Wien: Verlag Carl Gerold's Sohn, 1879; *Das Tyrfindingschwert, eine altnordische Waffensage*, þýð. Jos. Cal. Poestion, Leipzig: Hermann Riesel Verlag, 1883.

8 Josef C. Poestion, *Aus Hellas, Rom und Thule: Cultur und Litteraturbilder*, Leipzig: Verlag Wilhelm Friedrich, 1882.

9 „J.C. Poestion Ý“, *Mitteilungen der Islandfreunde. Organ der Vereinigung der Islandfreunde* 1/2/1922, bls. 1.

10 „Josef Calasanz Poestion“, *Ritmennt* 2/1997, bls. 142–144.

11 Hallgrímur Melsted, „Joseph Calasanz Poestion“, *Óðinn* 1(ágúst)/1905, bls. 34–35; „Joseph Calasanz Poestion“, *Ársrit Hins íslenska fræðafélags í Kaupmannaböfn* 7/1923, bls. 144–145.

í kjölfarið á „Babels bölvun“ orðið nauðsynlegar fyrir samskipti þjóðanna.¹² Hann talaði um Poestion sem einn þeirra manna sem ynnu að því að raddir smáþjóða fengju að heyrast.

Árið 1884, aðeins ári eftir að *Jüngling und Mädchen* kom út í fyrsta sinn, gaf Poestion út safn íslenskra ævintýra í þýskri þýðingu sem byggði að mestu leyti á þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar.¹³ Strax árið 1885 fylgdi eitt stórvirkja hans í kjölfarið, bókinn *Island. Das Land und seine Bewohner nach den neuesten Quellen* (*Ísland. Landið og íbúar þess samkvæmt nýjustu heimildum*).¹⁴ Þetta fræðirit var lýsing á Íslandi með ítarlegri umfjöllun um íslenska menningu og sögu. Þótt Poestion hefði enn ekki litið landið augum, hafði honum heppnast með hjálp fjölda heimilda, meðal annars nýrra íslenskra heimilda, að semja svo nákvæma og ítarlega lýsingu á því að hún var einnig mikils metin á Íslandi. Á níunda og tíunda áratug 19. aldarinnar skrifaði Poestion fjölda blaða- og tímaritsgreina og smærri rita um íslenskar samtímabókmenntir og bókmennta-, menningar- og leikhússögu. Þess utan þýddi hann fjölmörg verk úr norsku og dönsku. Annar áfangi í Íslandstengdum verkum hans var hin ítarlega sýnisbók *Isländische Dichter der Neuzeit. Charakteristiken und übersetzte Proben ihrer Dichtung* (*Íslensk skáld nýaldrar. Einkenni og þýdd sýnishorn úr kveðskap þeirra*), sem kom út árið 1897 og var fylgt eftir árið 1904 með *Eislandblüten. Ein Sammelbuch neuisländischer Lyrik* (*Íslandsblómstur. Safnbók ný-íslenskra ljóða*), umfangsmesta safnríti þýddra íslenskra samtímaljóða fram til þessa tíma.¹⁵ Um *Isländische Dichter* skrifaði Valtýr Guðmundsson að Íslendingar mættu skammast sín, því hér væri komið eina heildstæða yfirlitið yfir íslenskar bókmenntir frá siðaskiptum fram til samtímans. Með ritinu hefði verið unnið afrek sem ekki hefði tekist að leggja svo mikið sem grunn að á Íslandi.¹⁶ Árið 1903 sagði Friðrik J. Bergmann í Winnipeg að bókinn væri

12 Guðmundur Finnbogason, „Josef Calasanz Poestion“, *Skírur* 87/1913, bls. 233–236.

13 *Isländische Märchen*. Aus den Originalquellen übertragen von Jos. Cal. Poestion, Wien: Verlag Carl Gerold's Sohn, 1884.

14 Joseph Calasanz Poestion, *Island. Das Land und seine Bewohner nach den neuesten Quellen*, Wien: Brockhausen & Bräuer, 1885.

15 Joseph Calasanz Poestion, *Isländische Dichter der Neuzeit in Charakteristiken und übersetzten Proben ihrer Dichtung mit einer Übersicht des Geisteslebens auf Island seit der Reformation*, Leipzig: Verlag G.H. Meyer, 1897; sami, *Eislandblüten: ein Sammelbuch neu-isländischer Lyrik mit einer kultur- und literarhistorischen Einleitung und erläuternden Glossen*, Leipzig og München: Verlag Georg Müller, 1904.

16 Valtýr Guðmundsson, „Íslensk nútíðarskald“, *Eimreiðin* 4(1)/1898, bls. 70–80.

„eina bókmenntasagan sem vér eigum“.¹⁷ Nær 100 árum síðar lagði Sveinn Yngvi Egilsson áherslu á sérstakt gildi bókarinnar, einkum vegna mikilla samskipta höfundarins við Steingrím Thorsteinsson, Benedikt Gröndal og Grím Thomsen.¹⁸ Eftir að *Eislandblüten* kom út lofaði Steingrímur Thorsteinsson Poestion fyrir einstaka skáldskapargáfu og Matthías Jochumsson kallaði eftir því opinberlega árið 1905 að hann fengi fjárhagslegan stuðning frá Íslandi.¹⁹ Árið 1906 bauð íslenska ríkisstjórnin honum loks í hans fyrstu og einu Íslandsferð og var tekið á móti honum sem heiðursgesti í Reykjavík.²⁰ Að ferðinni lokinni hélt Poestion störfum sínum áfram og samdi meðal annars ferðalýsingu byggða á ýmsum heimildum, sem þó leit aldrei dagsins ljós.²¹ Aftur á móti gaf hann út bók um skáldið Steingrím Thorsteinsson árið 1912 sem geymdi ekki færri en 60 þýdd ljóð.²² Á árum fyrri heimsstyrjaldar fékk Poestion styrk frá íslenska ríkinu og var honum boðin bæði prófessorsstaða við Háskóla Íslands og staða forstöðumanns Landsbókasafnsins, sem hann afþakkaði þó báðar af persónulegum ástæðum.

3. Sýnileiki þýðandans

Í þýðingunni á *Pilti og stúlku* kemur fljótt í ljós að nærvera þýðandans er óvenju mikil. Strax á titilsíðunni er nafn hans skýrt tekið fram, feitletrað og í áberandi leturgerð, þótt það sé smærra en nafn höfundarins. Þess utan hefur titill bókarinnar verið lengdur og upplýsingum um þýðinguna bætt við. Á eftir titilsíðunni kemur tileinkun upp á heila blaðsíðu. Fyrir lesendur þýðingarinnar hefur þessi tileinkun verið heldur ruglandi, því hún beinist ekki að höfundi bókarinnar heldur að öðrum íslenskum rithöfundi, Steingrími Thorsteinssyni, sem þýðandinn mat mikils. Næst fylgir ítarlegur inngangur eftir þýðandann. Í fyrstu útgáfunni er hann fjórar blað-

17 Friðrik J. Bergmann, „Jósef C. Poestion“, *Aldamát* 13/1903, bls. 171–173, hér bls. 172.

18 Sveinn Yngvi Egilsson, *Arfur og umbylting. Rannsókn á íslenskeri rómantík*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag og ReykjavíkurAkademían, 1999, bls. 16.

19 Steingrímur Thorsteinsson, „Ritdómur: Eislandblüten“, *Skírnir* 79/1905, bls. 87–88; Matthías Jochumsson, „Íslensk hringsjá: Eislandblüten“, *Eimreiðin* 11/1905, bls. 154–155.

20 A.G.F., „Joseph Calsanz Poestion“, *Vestri* 7. júlí 1906.

21 Alexander Jóhannesson, „J.C. Poestion“, *Eimreiðin* 26/1920, bls. 332–335.

22 Joseph Calasanz Poestion, *Steingrímur Thorsteinsson. Ein isländischer Dichter und Kulturbringer*, Leipzig und München: Verlag Georg Müller, 1912.

síður að lengd, í fjórðu útgáfunni átta síður, og í báðum tilvikum er hann undirritaður „J. C. Poestion“. Það er loks á eftir þessum skrifum þýðandans sem hinn eiginlegi megintexti hefst, þ.e.a.s. þýðingin á *Pilti og stúlku*. En hér kemst lesandinn ekki heldur hjá því að finna sífellt fyrir nærveru þýðandans, þar sem hann hefur bætt við fjölda neðan- og aftanmálgreina. Í útgáfunni frá 1883 má sjá 56 aftanmálgreinar með skýringum þýðanda en í útgáfunni frá 1900 eru þær orðnar 91 talsins. Einnig eru í textanum stöku neðanmálgreinar. Jafnvel yfirborðskennd fyrsta skoðun á þessum mismunandi útgáfum leiðir í ljós að Poestion fjölgaði hliðartextum sínum með hverri nýrri útgáfu og lengdi þá.

Í samanburði við frumtextann breyttist einnig ytra form megintextans eða þýdda textans. Þýðingunni var skipt upp í 38 kafla og samsvarandi yfirskriftum bætt við, t.d. „Achtunddreißigstes Kapitel“ („Þrítugasti og áttundi kafli“). Í íslensku frumútgáfunum er engin slík skipting. Þar sem þessa kaflaskiptingu má sjá í útgáfum mismunandi forlaga, má draga þá ályktun að hún sé frekar upprunnin hjá þýðandanum en forlaginu.

Í Reclam-útgáfunum fylgir viðauki í kjölfar megintextans með tveggja blaðsíðna yfirliti yfir „Verk og þýðingar J.C. Poestion“. Ekki er þar um að ræða aðrar útgáfur hjá sama forlagi eða auglýsingar forlagsins, heldur lista yfir frumsamin verk Poestions og þýðingar hans. Það er tvímælaust óvenjulegt að önnur verk þýðandans, frekar en höfundarins, séu tilgreind í lok útgáfu. Á listanum má finna málvísindarit og landafræðirit, kennslubækur í málfræði, þýðingar úr íslensku, dönsku og norsku og fleira. Aftast í bókinni er svo tveggja blaðsíðna listi yfir Reclam-bækur, þ.e.a.s. auglýsing frá forlaginu. Reclam-forlagið hafði þá sérhæft sig í útgáfu sígildra verka sem það er enn þann dag í dag þekkt fyrir. Um er að ræða bækur smáar í sniðum sem eru ódýrar og ná mikilli dreifingu. Á útgáfulista Reclam fyrir árið 1884 voru *Jüngling und Mädchen* eftir Jón Thoroddsen (nr. 2226 og 2227) í næsta nágrenni við Heinrich Heine (nr. 2221, *Die Harzreise*) og Jules Verne (nr. 2229, *Die Kinder des Kapitäns Grant*).

Skoðun á öðrum útgefnum þýðingum Poestions sýnir að hann notaðist almennt mikið við hliðartexta, svo sem tileinkanir, formála, innganga, neðanmálgreinar, aftanmálgreinar og eftirmála. Í

Þjóðsagnaþýðingunni *Isländische Märchen* nefnir hann í inngangi að forlagið hafi beðið hann að sleppa frekari skýringum; inngangurinn er þó 23 blaðsíður að lengd.²³ Í þessu undantekningartilviki fylgja því einungis tileinkun og inngangur frá þýðandanum. Þar sem hliðartextar eru yfirleitt hluti af þýðingum hans, má kalla þá áberandi einkenni þessa þýðanda.

Í þýðingafræði undanfarinna áratuga hefur mikið verið fjallað um sýnileika (e. *visibility*) eða öllu heldur ósýnileika (e. *invisibility*) þýðandans. Árið 1995 birti Lawrence Venuti áhrifamikla sögulega greiningu sína á ensk-amerískri þýðingahefð og tilheyrandi hugmyndafræði.²⁴ Hann komst að þeirri niðurstöðu að almennt væri til þess ætlast að þýðingar litu ekki út fyrir að vera þýðingar. Textarnir ættu að vera einfaldir og áreynslulausir aflestrar og það sem væri framandi í þeim ætti frekar að dylja en að gera sýnilegt. Þýðingar nytu í þeim efnum minna frelsis en frumtextar þótt þversagnarkennt mætti virðast. Til að hlífa lesendum væri beitt aðferðum á borð við heimfærslu og fagurfræðileg viðmið markmálsins og markmenningarinnar yfirfærð á textann. Þess utan væri oft ekki greint frá nafni þýðandans. Á grundvelli þessarar greiningar kallar Venuti eftir viðnámi og hvetur þýðendur til að hleypa hinu framandi inn í textana. Hann hvetur til framandgervingar í þýðingum, aðallega af pólitískum ástæðum og er gagnrýnninn á hið mikla forræði enskumælandi, norður-amerískrar menningar. Þótt þýðingahefðir á þýsku samsvari ekki þeim ensk-amerísku eru tilhneigingarnar svipaðar að hluta til. Í tilviki þýðinga af íslensku á þýsku er mikilvægast að vera vakandi fyrir því, hvort sjá megi merki um forræði eða a.m.k. ójöfnuð á milli menningarheima. Samhliða framandgervandi textanálgunum er hægt að nýta hliðartexta til að gera þýðingarvinnuna gagnsæja eða a.m.k. sjáanlega. Síðan á tíunda áratug 20. aldar hafa femínískir þýðingafræðingar og þýðendur beint sjónum sínum að kerfisbundnum ósýnileika kvenkyns þýðenda og bent á að sporna mætti gegn þessum ósýnileika m.a. með notkun innganga, for- og eftirmála, athugasemda,

23 *Isländische Märchen*, 1884, „Einleitung“, bls. XXII.

24 Lawrence Venuti, *The Translator's Invisibility. A History of Translation*, London og New York: Routledge, 2002 [1995].

þýðingadagbóka og neðan- og aftanmálgreina.²⁵ Markmiðið var að beina athygli að þýðingarferlinu og þar með að vinnu kvenþýðandans og hlutverki hennar sem virks geranda.

Sú þýðingafræðilega orðræða sem hér er vísað til í mjög stuttu máli hófst löngu eftir tíð Poestions. Þrátt fyrir það vekur hún eftirtekt greinandans. Það er tvímælalaust athyglisvert að austurríski þýðandinn skuli hafa notað eins marga hliðartexta þegar hann þýddi úr íslensku og raun ber vitni. Því verður að spyrja hvert markmið hans var með þessum textum og að hve miklu leyti þeir mótuðu þýðingar hans og stýrðu hugsanlega viðtökum á þeim í ákveðna átt.

4. Hliðartextar og þýðingar

Gérard Genette er höfundur eins mikilvægasta verks sem skrifað hefur verið um hliðartexta. Bók hans kom fyrst út á frönsku árið 1987 og bar titilinn *Seuils*, en fékk heitið *Paratexts. Thresholds of Interpretation* á ensku og *Paratexte. Das Buch vom Beiwerk des Buches* á þýsku.²⁶ Hún hefur ekki verið þýdd á íslensku. Greinilegt er að ákveðin tilfærsla hefur átt sér stað við þýðingu bókarinnar á þýsku og ensku, sem viðbættir undirtitlar gefa ekki síst til kynna. Í enska undirtitlinum er hugmyndin um þröskuld í forgrunni, þ.e. sá þröskuldur að megintextanum sem hliðartextar mynda, en í þeim þýska er sjónum beint að hliðartextum sem „hjáverkum“ (þ. *Beiwerk*) sem er bætt við megintextann. Hugtakið hjáverk gerir lesandann meðvitaðan um þann sem vinnur þetta verk og um það að hjáverkið standi til hliðar við megintextann eða fylgi honum. Hugtakið er svo notað gegnumgangandi sem ýtir undir þessa nálgun eða beinir athygli að þeim sem semur hliðartextana og ákveður að bæta þeim við.

Þegar Genette setti fram hugleiðingar sínar um hliðartexta tengdi hann þær að mjög litlu leyti við þýðingar. Í riti sínu nefnir hann þýðingar aðeins í framhjáhlupi í örfáum athugasemdum, t.d. sem tækifæri til að koma fyrir síðbúnum formála eða tileinkun af

25 Sherry Simon, *Gender in Translation: Cultural Identity and the Politics of Transmission*, London og New York: Routledge, 1996.

26 Gérard Genette, *Seuils*, París: Seuils, 1987; sami, *Paratexts: Thresholds of Interpretation*, þýð. Jane E. Lewin, Cambridge University Press, 2001; sami, *Paratexte. Das Buch vom Beiwerk des Buches*, þýð. Dieter Hornig, Frankfurt/M.: Suhrkamp Verlag, 2016.

hálfu þýðandans.²⁷ Í lokakaflanum bendir Genette á hliðartextalegt mikilvægi þýðinga, svo fremi sem þýðingarnar hafi verið gerðar af höfundinum sjálfum eða fengið yfirlestur og ritstjórn höfundar.²⁸ Samkvæmt Genette má þá túlka þýðingu sem síðbúinn hliðartexta sem fjallar um eða útvíkkar hið eiginlega verk, þ.e. frumtextann. Hann fjallar ekki um þýðingar sem sjálfstæðar útgáfur sem eigi sér ábyrgan höfund. Eins og þýðingafræðingurinn Şehnaz Tahir Gürçağlar gerir grein fyrir, festir Genette hér í sessi hina afleiddu og þar með undirskipuðu stöðu hins þýdda texta og heldur þannig tryggð við hefðbundna valdaskipan frum- og marktecta.²⁹ Hér birtist einnig annað vandamál: Hjá Genette er það skilgreiningaratriði að hliðartextar endurspeglar ásetning höfundar og eru ritaðir á ábyrgð hans. Þessari skilgreiningu er erfitt að halda til streitu og dugar í því sambandi að nefna dæmi á borð við fréttatilkynningar.³⁰ Sé sjónarhorn þýðingafræðinnar tekið með í reikninginn, þ.e. að marktecti eigi sér sjálfstæð hlutverk í nýju samhengi og fyrir nýjan lesendahóp, er ekki hægt að komast sérlega langt áleiðis á þessum „genettísku“ forsendum. Engu að síður er mögulegt að beita yfirgripsmikilli flokkun Genettes til að skoða notkun hliðartexta við útgáfu þýðinga. Þýðandinn þarf þá að fá hlutverk höfundar, sem á í samskiptum við almenning og mögulega lesendur í nýju umhverfi. Sjónum er því beint að þeim hliðartextum sem þýðandi lætur fylgja með megintexta sínum og eru þannig hluti af þýðingunni. Í greiningu sinni gengur Mary Louise Wardle skrefinu lengra og snýr sambandi frumtexta og marktecta við. Hún færir rök fyrir því að líta eigi á hverja þýðingu sem sjálfstæðan texta sem hefur yfir safni hliðartexta að ráða. Á endanum verður frumtextinn þá að einum af mörgum hliðartextum hlutaðeigandi marktecta.³¹ Sú túlkun er í þessari grein látin liggja milli hluta.

27 Gérard Genette, *Paratexte*, 2016, formáli: bls. 169, tileinkun: bls. 127.

28 Sama rit, bls. 386.

29 Şehnaz Tahir Gürçağlar, „What Texts Don't Tell. The Uses of Paratexts in Translation Research“, í: Theo Hermans (Hrg.), *Crosscultural Transgressions*, Manchester: St. Jerome Publishing, 2002, bls. 44–60.

30 Genette, *Paratexte*, 2016, bls. 11.

31 Mary Louise Wardle, „Alice in Busi-Land: The Reciprocal Relation Between Text and Paratext“, *Translation Peripheries. Paratextual Elements in Translation*, ritstj. Anna Gil-Bardají, Pilar Orero og Sara Rovira-Esteva, Bern, Berlin o.fl.: Peter Lang Verlag, 2012, bls. 27–41, hér bls. 28.

Með hugtakinu hliðartexti á Genette við „öll þau hjáverk“ sem „gera texta að bók“ og koma fyrir sjónir viðtakenda og lesenda.³² Hann vill þó ekki skilja hliðartextann sem hlið, heldur sem þröskuld eða anddyri sem veitir aðgang að textanum. Í raun samanstendur hliðartextinn af fjölda sögulega mótaðra venja og orðræðna, sem þjóna viðtöku textans. Stakir þættir í hliðartextanum eru skilgreindir gegnum stöðu þeirra umhverfis (megin)textann. Ef þeir koma fyrir „í einu og sama bindinu“, eins og í tilviki titils, formála, einkunnarorða, tileinkunar, athugasemda o.s.frv., skilgreinir Genette þá sem „peritexta“.³³ Á íslensku mætti notast við hugtakið „nærttexti“. En ef textarnir koma fyrir „í umhverfi textans en í hæverskri (eða varkárri) fjarlægð“ og lágu a.m.k. upprunalega utan bókarinnar, svo sem viðtöl, bréfaskeipti, dagbækur, greinar o.s.frv., kallast þeir „epitextar“.³⁴ Hliðstætt við hugtakið nærttexta væri íslenska hugtakið „fjærttexti“ nýtilegt. Formúlan er þá: paratexti = peritexti + epitexti eða hliðartexti = nærttexti + fjærttexti. Mikilvægasta aðgreiningin felst hér í staðsetningu, því meðan nærttextinn er efnislega bundinn við bókina er fjærttextinn í frjálsri dreifingu. Til þess að hann týnist ekki gersamlega verður einhvern veginn að tengja hann við aðaltextann. Natalie Binczek kemur hér auga á vandamál í notkun og skilgreiningu hugtakanna. Á meðan hægt sé „að skilgreina og aðgreina svipgerðir nærttexta út frá birtingarstað þeirra í og við bókina“, snúist umræðan um fjærttexta aðeins um hliðartextalegt mikilvægi þeirra og áhrif sem leita yði uppi með stækkunargleri.³⁵ Sem slíkir væru þeir háðir orðræðu höfundarins til að vera viðurkenndir sem hliðartextar, svipað og nefnt hefur verið hér að ofan í tengslum við þýðingar. Röksemdafærslur Genettes eru miðlataeknilégar hvað nærttexta snertir, segir Binczek, en þegar kemur að fjærttextum leitar hann til yfirráða höfundarins og flytur hliðartextahugtakið yfir á hugmyndir um verkið frekar en miðilinn. Engu að síður eru ytri mörk fjærttextans afar óljós. Hvenær teljast til dæmis auglýsingar um bækur,

32 Genette, *Paratexte*, 2016, bls. 10.

33 Sama rit, bls. 12.

34 Sama rit.

35 Natalie Binczek, „Epistolare Paratexte: Über die ästhetische Erziehung des Menschengeschlechts in einer Reihe von Briefen“, í: *Paratexte in Literatur, Film, Fernsehen*, ritstj. Klaus Kreimeier og Georg Stanitzek, Berlin: Akademie Verlag, 2004, bls. 117–133, hér bls. 118.

ritdómar, viðtöl, greinarskrif höfundar eða annarra um þær o.s.frv. til fjærtexata verkanna eða ekki?

Í næstu köflum verða þeir hliðartextar sem fyrirfinnast í *Jüngling und Mädchen* ræddir með vísan í Genette. Einnig verða aðrar þýðingar Poestions hafðar til hliðsjónar og mat lagt á það menningarlega samhengi sem þær birtust í og hugsanlegt samspil þeirra á milli sem og annarra skrifa eftir Poestion.

5. Titill og tileinkun

Auk þeirra upplýsinga sem núorðið eru staðlaðar – um forlag, útgáfustað og -ár og eftir atvikum um hvaða prentun eða útgáfu sé að ræða (e.t.v. endurbætta, yfirfarna, aukna) – hefur titilsíða ýmsar viðbótarupplýsingar að geyma, sem geta haft áhrif á viðtökur bókar. Gérard Genette gengur út frá því að texti bókar beinist að lesendum en titill hennar að almenningi.³⁶ Almennigur (þ. *Publikum*) er víðtækari heldur en lesendahópurinn. Hann er skilgreindur sem stór hópur fólks sem mun ekki endilega lesa textann né er ætlað að lesa hann, en á hlutdeild í viðtökum hans með því að koma að dreifingu hans, útbreiðslu, sölu o.s.frv.

Upprunalegu íslensku útgáfunar af *Pilti og stúlku* hafa beinskeyttan titil: „Piltur og stúlka. Dálítill frásaga eftir Jón Þórðarson Thoroddsen“. Hér kemur fram heiti verksins, hógvær tilraun til flokkunar eftir bókmenntagreinum og nafn höfundar. Þýsku útgáfunar eru mun ítarlegri og meiri auglýsingablær á þeim. Á titilsíðu frá 1883 segir: „Jüngling und Mädchen./ Eine Erzählung/ aus dem/ isländischen Volksleben der Gegenwart/ von/ Jón Thórdarson Thóroddsen. Aus dem Isländischen übersetzt und mit einer Einleitung/ und Anmerkungen über Land und Leute versehen/ von/ Jos. Cal. Poestion“.³⁷ (Piltur og stúlka./ Frásögn/ úr/ íslensku þjóðlífi samtímans/ eftir/ Jón Thórdarson Thóroddsen. Þýdd úr íslensku og með inngangi/ og athugasemdum um land og þjóð/ eftir/ Jos. Cal. Poestion.) Hér höfum við titilinn, sem er þýddur orð fyrir orð, auk nafns höfundar og flokkunar á verkinu sem er sett fram af

36 Genette, *Paratexte*, 2016, bls. 77.

37 *Jüngling und Mädchen*, 1883.

sjálfsöryggi og sniðin að markmálinu. Upplýsingum um söguvið og tíma er bætt við (Ísland samtímans) ásamt þeirri túlkun að um sé að ræða sögu úr þjóðlífinu. Þessi vísun er mikilvæg fyrir heildar-túlkun á þýðingunni, eins og nánar er rætt hér á eftir. Þess utan er lögð áhersla á að textinn hafi verið þýddur úr frummálinu og vísað er til fylgertexta eftir hinn nafngreinda þýðanda, þ.e.a.s. inngangsins og athugasemdanna. Á heildina litið hefur talsverðum upplýsingum verið bætt við, sem koma frá þýðandanum eða byggja á vinnu hans. Titill fjórðu útgáfunnar frá 1900 er örlítið knappar: „Jüngling und Mädchen./ Eine Erzählung/ von/ Jón Th. Thóroddsen./ Aus dem Neu-Isländischen übersetzt, eingeleitet und mit/ Anmerkungen versehen/ von/ J.C. Poestion“.³⁸ (Piltur og stúlka./ Frásögn/ eftir/ Jón Th. Thóroddsen. Þýdd úr ný-íslensku, með inngangi/ og athugasemdum/ eftir/ J.C. Poestion.) Hér er líka dregið fram að þýtt sé beint úr íslensku. Þetta má líta á sem vísun til sértækrar hæfni þýðandans, enda var þekking á nútímaíslensku heldur sjaldgæf í hinum þýskumælandi heimi á þessum tíma. Álykta má að ítarlegar upplýsingar á titilsíðunni séu stýrandi og upplýsandi og þeim sé auk þess ætlað að árétta hæfni þýðandans.

Poestion hóf margar bóka sinna á tileinkunum. Hlutverk tileinkana geta verið margs konar og misjafnlega augljós. Algengast er að um sé að ræða þakkir fyrir styrki eða annars konar stuðning við tilurð verksins. Sem dæmi má nefna örlítið fornfálegan texta í bók Poestions *Island. Das Land und seine Bewohner*, sem minnir jafnvel á samband við verndandi lénsherra: „Dem hochgeborenen Herrn/ Franz Grafen von Meran/ Ritter des goldenen Vlieses etc. etc./ in landsmännisch angestammter Ergebnisheit/ gewidmet/ vom Verfasser“.³⁹ (Hinum háborna herra/ Franz, greifa af Meran/ Riddara hins gullna reyfis o.s.frv. o.s.frv./ með arfborunni auðmýkt sveitunga tileinkað/ af höfundu.) Þessi bók er að vísu ekki þýðing í þröngum skilningi, en hefur engu að síður mikið vægi þegar horft er til aðferða og markmiða þýðandans. Fyrsta útgáfa *Jüngling und Mädchen* er tileinkuð ljóðskáldinu Steingrími Thorsteinssyni: „Dem trefflichen isländischen Dichter/ Steingrímur Thorsteinsson/ Professor

38 *Jüngling und Mädchen*, 1900.

39 Poestion, *Island*, 1885.

an der Lateinschule zu Reykjavík/ in Freundschaft gewidmet/ vom Übersetzer“ (Hinur framúrskarandi íslenska skáldi/ Steingrími Thorsteinssyni/ prófessor við Lærða skólann í Reykjavík/ tileinkað með vinsemd/ af þýðandanum).⁴⁰ Vísanirnar til meintrar prófessorstöðu ljóðskáldsins og vináttubanda hans og þýðandans eru eftirtektarverðar.⁴¹ Hér kemur ef til vill fleira til en þakkir til vinar; mögulegt er að áhrifavald Steingríms sem prófessors geti flust yfir á þýðandann, sem þrátt fyrir sérfræðikunnáttu sína gegndi ekki akademísku embætti. Þess utan er lögð áhersla á að Poestion hafi náin persónuleg tengsl við Ísland, sem eykur trúverðugleika þýðingarstarfa hans. Á grundvelli æviverks hans má draga þá ályktun að Steingrímur hafi stutt þýðandann með ráðum og dád, en það er ekki gefið beint til kynna. Í síðari útgáfum af *Jüngling und Mädchen* er enn lögð áhersla á hið nána samband við ljóðskáldið, en annað er styttr: „Dem trefflichen isländischen Dichter/ Steingrímur Thorsteinsson/ aufs Neue gewidmet/ vom/ Übersetzer“.⁴² (Hinur framúrskarandi íslenska skáldi/ Steingrími Thorsteinssyni/ tileinkað að nýju/ af þýðandanum.) Kannski hefur forlagið gripið hér inn í.

Tileinkunin í *Isländische Dichter der Neuzeit* er sérlega áhugaverð. Bókin er tileinkuð íslensku þjóðinni í heild sinni og gefur ekki aðeins til kynna náin tengsl þýðandans við Ísland heldur þekkingu á tilteknu samhengi og pólitíska afstöðu: „Dem isländischen Volke/ als Freundesgabe gewidmet/ zum ersten Februar/ 1904/ an welchem Tage die neue freiheitliche Verfassung/ Islands/ in Wirksamkeit getreten ist“.⁴³ (Íslensku þjóðinni/ tileinkað sem vinargjöf/ þann fyrsta febrúar/ 1904/ en þann dag tók hin nýja frjálslynda stjórnarskrá/ Íslands/ gildi.) Gera má ráð fyrir því að tileinkunin beinist vissulega að þeim sem hún vísar til, en að í henni felist fyrst og fremst skilaboð til almennings eða lesenda. Í grunninn snýst hún, eins og Genette orðar það, um „siðferðislega, vitsmunalega eða fagurfræðilega ábyrgð“.⁴⁴ Það er því hægt að túlka þessa tileinkun á

40 *Jüngling und Mädchen*, 1883.

41 Hvaðan þessi prófessorsnafnbót kemur er frekar óljóst. Mögulega er þetta misskilningur af hálfu Poestions eða aðlögun að austurrískum hefðum. Steingrímur Thorsteinsson var kennari og síðar rektor Lærða skólans í Reykjavík.

42 *Jüngling und Mädchen*, 1900.

43 Poestion, *Isländische Dichter*, 1897.

44 Genette, *Paratexte*, 2016, bls. 133.

þá vegu að Poestion geri íslensku þjóðina að ábyrgðarmanni sínum. Heilt á litið má segja að tileinkanir Poestions þjóni þeim tilgangi að draga fram hæfni þýðandans og átorítet.

6. Formáli og inngangur

Í útgefnum verkum sínum notast Poestion gjarnan við inngangstexta og þá jafnvel fleiri en einn, þ.e. formála og inngang, í sömu bók. Um leið eru þessir textar áberandi umfangsmiklir og yfirleitt undirritaðir af þýðandanum, sumir jafnvel með stað og dagsetningu.⁴⁵ Genette túlkar nærveru fleiri en eins texta af þessum toga sem birtingarmynd kennaralegrar afstöðu höfundar.⁴⁶ Erfitt er að gera skýran eðlismun á formála og inngangi. Þar sem Poestion notast við hvort tveggja nýtir hann formálann til að gera grein fyrir útgáfunni sem um ræðir, skilgreina markmiðin að baki henni, ræða þýðingarvinnuna o.þ.h. og til að miðla upplýsingum um frumhöfundinn. Í þessum tilvikum þjónar inngangurinn þeim tilgangi að miðla ítarlegum bókmennta- eða menningarsögulegum eða landfræðilegum skýringum. Ef aðeins annar textanna er til staðar, líkt og í *Jüngling und Mädchen*, blandast þessir þættir saman og ákvörðunin um að kalla textann formála eða inngang virðist varla skipta neinu máli. Formálar og inngangar eru þess eðlis að vera ætlaðir til lesturs á undan megintextanum. Þó er það algengt að höfundar reikna ekki endilega með því að svo sé og gera frekar ráð fyrir því að þeir verði lesnir eftir á eða alls ekki. Poestion gekk augljóslega út frá því að lesendur hefðu mikinn áhuga á þessum textum, og lagði í þá mikla vinnu.

Hliðartextar geta verið gjöfular heimildir fyrir þýðingafraðilegar greiningar, enda hafa þeir oftast en ekki að geyma upplýsingar um ásetning og aðferðir þýðandans en jafnframt um misræmi í þeim. Sherry Simon minnir greinendur á að hafa sögulega samhengið í huga, enda hafa orðræður í formálum tekið breytingum í tímans rás.⁴⁷ Tilvist formála túlkar hún sem merki um að nær-

⁴⁵ *Isländische Märchen*, 1884, bls. XXII.

⁴⁶ *Genette, Paratexte*, 2016, bls. 138.

⁴⁷ Sherry Simon, „Translating the Will to Knowledge: Prefaces and Canadian Literary Politics“, *Translation, History and Culture*, ritstj. Susan Bassnett og Andre Lefevere, London: Cassell, bls. 110–117.

vera þýðandans hafi verið heimiluð, og hún metur greiningu þeirra gagnlega vegna þess að þar leynist ekki aðeins vísbendingar um afstöðu og skoðanir þýðandans heldur einnig um félagspólitískt samhengi þeirra samskipta sem felast í bókmenntum.⁴⁸ Í umfangsmikilli rannsókn á formálatextum kemst Ellen McRae að þeirri niðurstöðu að þeir þjóni þrenns konar ólíkum tilgangi: 1. að draga fram tungumála- og menningarmun, 2. að auka skilning á upprunamenningunni og 3. að auka innsýn í hlutverk þýðandans og inngríp hans.⁴⁹

Í inngangstextum sínum hefur Poestion mál sitt yfirleitt með því að vísa til „framandleika“ viðfangsefnis síns. Í innganginum að *Jüngling und Mädchen* segir hann til dæmis:

Ný-íslenskar bókmenntir eru því sem næst óþekktar í Þýskalandi. Ástæða þessarar sláandi staðreyndar er fyrst og fremst sú að íslensk tunga er svo algerlega bundin við upprunasvæði sitt, og að aðrir en Íslendingar læra hana sjaldan og þá oftast einungis í fræðilegum tilgangi.⁵⁰

Með athugasemdum sem þessum getur höfundurinn annars vegar vakið forvitni lesenda og hins vegar bent á eigin sérstöðu. Poestion er einnig óþreytandi við að impra á því að þýskir fræðimenn hafi hingað til – ef þeir höfðu áhuga og sérþekkingu á Íslandi – eingöngu beint sjónum að forníslensku og í undantekningartilvikum að þjóðsögum og ævintýrum. Í þessu samhengi nefnir hann réttarsagnfræðinginn Konrad Maurer endurtekið og af mikilli virðingu, sem hefur þau áhrif að lesandinn byrjar fljótlega að leggja þessa tvo menn að jöfnu og líta á Jósef C. Poestion sem Maurer nútímaíslenskunnar.⁵¹

Slíkum upphafsorðum í skrifum Poestions fylgja oft yfirlýsingar um meðaumkun með íslensku þjóðinni sem hljóma undarlega í

48 Sama rit, bls. 112.

49 Ellen McRae, „The Role of Translator’s Prefaces to Contemporary Literary Translations into English: An Empirical Study“, *Translation Peripheries. Paratextual Elements in Translation*, bls. 63–82, hér bls. 65.

50 „Die neu-isländische Literatur ist in Deutschland so gut wie unbekannt. Die Ursache dieser befremdenden Thatsache liegt wol [sic] zumeist darin, daß die isländische Sprache so ganz auf ihr ureigenes Territorium festgebannt ist und von Nicht-Isländern selten und fast nur gelehrter Zwecke halber studiert wird.“ – *Jüngling und Mädchen*, 1883, bls. 5.

51 *Jüngling und Mädchen*, 1900, bls. 5; Poestion, *Island*, 1885, bls. 5.

endurliti og vekja upp grunsemdir um að valdameiri miðjan lyfti sér hér upp yfir valdaminni jaðarinn og líti niður á hann. Þetta sjónarhorn er skreytt með fullyrðingum á borð við þessa: „Þetta dapra, afskekkt ísaland norður í hafi er sjaldan virt viðlits af umheiminum.“⁵² Meðaumkun Mið-Evrópubúans er síðan tilefni til að meta íslensku þjóðina afar lágt og halda henni í nokkurri fjarlægð:

Einmana, fátæklegt, bælt þjóðlíf sem á nær enga hlutdeild í umheiminum getur ekki borið slíkan ávöxt [þ.e. slíkan eins og hjá okkur]. Það er nógu lofsvert að Íslendingar hafi varðveitt og þróað ljóðlist sína undir slíkum kringumstæðum [...]

Meðaumkun mín með íslensku þjóðinni, sem saga hennar hefur vakið, og náttúrulegur áhugi minn á efniviði margra ára vinnu kunna að hafa orðið til þess að ég hafi ofmetið íslenskar bókmenntir almennt, sem og einstök skáld eða rithöfunda.⁵³

Almennt sveiflast inngangskaflar Poestions milli aðdáunar annars vegar og meðaumkunar hins vegar. Aðdáunin stafar fyrst og fremst af meintri fjarlægð og einangrun íslenskrar menningar og er mjög skyld hinni útbreiddu orðræðu þessa tíma um hetjulega baráttu smáþjóðar við fjandsamlega náttúru landsins. Meðaumkunin byggir á velviljaðri en samt sem áður yfirlætislegrí afstöðu. Einnig lætur þýðandinn í ljós efasemdir um gæði bókmenntanna sem hann hefur helgað sig en vill engu að síður firra sig ábyrgð á. Í innganginum að *Jüngling und Mädchen* segir hann til dæmis að skáldsagnaritun sé enn ung og veikburða grein í íslenskum samtímabókmenntum og að um tiltölulega einfalda sögu sé að ræða, með veikleikum í uppbyggingu og persónusköpun.⁵⁴ Í fyrstu útgáfunni er lesandinn jafnvel varaður við því að skáldsagan standi ekki fyllilega undir „hinum

52 „Das traurige, abgeschiedene Eisland im nördlichen Ocean lenkt ja nur selten die Blicke der übrigen Welt auf sich.“ – *Isländische Märchen*, 1884, bls. 5.

53 „Ein einsames, ärmliches, herabgedrücktes und vom Weltverkehr fast ausgeschlossenes Volksleben kann nicht solche Früchte tragen. Es ist schon verdienstlich genug, dass die Isländer unter solchen Umständen ihre Poesie bewahrt und weiter entwickelt haben [...]
Mein Mitleid mit dem isländischen Volke, das mir seine Geschichte eingeflößt, wie auch mein natürliches Interesse an dem Stoff vieljähriger Arbeit mögen bewirkt haben, daß auch ich vielleicht die isländische Literatur im allgemeinen und einzelne Dichter oder Schriftsteller im besonderen überschätzt habe.“ – Poestion, *Isländische Dichter*, 1897, bls. II.

54 *Jüngling und Mädchen*, 1900, bls. 8.

háu væntingum sem við gerum til slíkra skáldverka“.⁵⁵ Þótt gagnrýni Poestions sé að hluta til skiljanleg, spyr athugull lesandi sig engu að síður af hverju hann hafi þá lagt það á sig að þýða þessa tilteknu bók á þýsku. Poestion svarar þeirri spurningu sjálfur. Hann telur skáldsöguna einmitt henta til þess „að kynna íslenskar bókmenntir fyrir utan afmarkað upprunasvæði þeirra“.⁵⁶ Drifkrafturinn er því frekar löngun til að kynna íslenskar bókmenntir almennt en áhugi á þessu tiltekna verki. Að lokum segir Poestion:

Gamli fornsagnastíllinn sem þessar frásagnir eru í að mestu leyti, sögu-sviðið og framsetningin á aðstæðum í áttöngunum, sem í þeim er að finna, ljá þeim sérkennilegt seiðmagn [...] Í þessum skáldsögum og frásögnum kynnumst við íbúum Íslands, siðum þeirra og venjum betur en í nokkurri vandaðri landlýsingu sem við fengjum frá innfæddum eða erlendum ferðalöngum.⁵⁷

Hvatinn að þýðingarstörfum fræðimannsins er augljóslega þjóð- eða landfræðilegur áhugi. Hann vill fyrst og fremst kynna land og þjóð; bókmenntaverkið sjálft skipar þar óæðri sess. Titilsíðurnar sem ræddar voru hér að ofan gáfu þegar vísbendingar í þessa átt. Í ljósi þess að Poestion var líka höfundur mikilvægrar landlýsingar kemur þetta sjónarhorn í raun ekki á óvart, og svipaðar röksemdafærslur er víða að finna í skrifum hans. Í formálanum að safnritinu *Eislandblüten* bendir hann svo á allt að því hagnýtt notagildi bóka sinna. Hann segist þar líta á þær sem undirbúningslestur fyrir Íslandsfara, sem vilji kynna „anda hinnar íslensku þjóðar“.⁵⁸ Við lestur ferðabókmennta frá þessum tíma kemur í ljós að þær virðast í raun hafa þjónað þessum tilgangi. Þannig er í Íslandsferðabók Inu von Grumbkow frá 1909, *Ísafold. Reisebilder aus Island*, oft gripið niður í ljóðabýðingar Poestions og sú tilfinning vakin að ferða-

55 *Jüngling und Mädchen*, 1883, bls. 8.

56 *Jüngling und Mädchen*, 1900, bls. 8.

57 „Der alte Sagastil, in dem diese Erzählungen zumeist geschrieben sind, sowie das heimische Lokal und die Schilderung der heimischen Verhältnisse, die man darin findet, verleihen denselben einen eigentümlichen Reiz [...] Wir lernen in diesen Novellen und Geschichten die Bewohner Islands mit ihren Sitten und Gebräuchen besser kennen als in jeder sorgfältigen Beschreibung des Landes, welche uns von Eingeborenen oder fremden Reisenden geliefert werden.“ – Sama rit.

58 Poestion, *Eislandblüten*, 1904, bls. VII.

langurinn hafi í raun og veru haft ljóðabókina með í farangrinum.⁵⁹ Í formálanum að *Eislandblüeten* skrifar Poestion um skilyrði sín fyrir vali á ljóðum í bókina, sem undirstrikar enn frekar land- og menningarfræðilegan eða jafnvel uppeldisfræðilegan áhuga hans og fela sem fyrr í sér fyrirvara um gæði bókmenntanna:

Enn sem komið er fylgi ég persónulegum áhuga og leitast í senn við að gera íslenskan bókmenntaarf aðgengilegan almenningi að því leyti að ég þýði líka fjölda kvæða sem kunna að hafa minna listrænt gildi og eru ekki fyrst og fremst mikilvæg sem bókmenntir, heldur gefa sérlega heillandi eða lærdómsríka mynd af andrúmsloftinu í mann-, menningar- og náttúrulífi Íslands.⁶⁰

Mjög ítarlegar skýringar á menningu, sögu og bókmenntum Íslands sem Poestion lætur fylgja í inngangstextum sínum eru í samhljómi við þessa stefnu. Í raun mætti birta þessa textahluta sem sjálfstæðar ritgerðir, og segja þeir mikið um yfirgripsmikla þekkingu höfundar á sögu lands og þjóðar. Sjálfur kallar hann til dæmis 43 blaðsíðna inngang sinn að *Eislandblüeten* „menningarsögulegan uppdrátt“.⁶¹

Séu inngangarnir að mismunandi útgáfum af *Jüngling und Mädchen* bornir saman kemur í ljós að Poestion breytti textanum að hluta. Hann jók fyrst og fremst við hann með fjölmörgum vísunum í fræðitexta, aðrar þýðingar sem komið höfðu út í millitíðinni, ritdóma og síðast en ekki síst eigin rit, svo sem þjóðsagnaþýðinguna *Isländische Märchen*, hina fræðilegu *Einleitung in das Studium des Altnordischen*⁶² og *Isländische Dichter der Neuzeit*. Inngangurinn að fjórðu útgáfunni einkennist af umfangsmeiri fagþekkingu, sem sett er fram af vaxandi öryggi og virðist beinast að áhugasömum og vel

59 Ina von Grumbkow, *Ísafold. Reisebilder aus Island*, Berlin: Reimers, 1909; Marion Lerner, *Von der ödesten und traurigsten Gegend zur Insel der Träume. Islandreisebücher im touristischen Kontext*, München: Herbert Utz Verlag, 2015, bls. 212.

60 „Vorläufig folge ich einer persönlichen Neigung und popularisatorischen Erwägungen, indem ich auch eine nicht geringe Anzahl von Gedichten übersetzte, die vielleicht künstlerisch weniger bedeutend und nicht in erster Linie literarisch zu werten sind, aber als Stimmungsbilder aus dem Menschen-, Kultur- und Naturleben Islands einen aparten Reiz oder belehrenden Inhalt besitzen.“ – Poestion, *Eislandblüeten*, 1904, bls. VII.

61 Sama rit, bls. XI.

62 Joseph Calasanz Poestion, *Einleitung in das Studium des Altnordischen*, Hagen og Leipzig: Hermann Risel Verlag, 1. bindi: *Grammatik*, 1882, 2. bindi: *Lesebuch mit Glossar*, 1887.

upplýstum viðtakendum. Mjög áhugavert er að með því að styðjast mikið við önnur rit – og þá fyrst og fremst sín eigin – skapaði Poestion umfangsmikil textatengsl. Þannig gerði hann sín eigin rit að fjærtexum þýðingarinnar. Á starfsævi hans varð því til athyglisvert net texta sem hann tengdi opinskátt og á margvíslegan máta hvern við annan, þar á meðal tímarits- og blaðagreinar. Textarnir í þessu neti eru ekki tengdir gegnum textategund eða frumhöfund heldur annars vegar viðfangsefnið, þ.e. íslenska menningu í víðum skilningi, og hins vegar þýðandann eða höfundinn, þ.e. Poestion sjálfan.

7. Neðanmáls- og aftanmálsgreinar

Athugasemdirnar sem Poestion lætur fylgja þýðingum sínum eru jafn umfangsmiklar og inngangstextar hans. Í þessu er engan mun að sjá á þýðingum hans á bundnu máli og óbundnu. Í ljóðasafninu *Steingrímur Thorsteinsson* og í *Eislandblüten* gerir Poestion athugasemdir rétt eins og í *Jüngling und Mädchen*. Þær eru jafnvel meira áberandi, því þær koma fyrir sem neðanmálsgreinar og taka svo mikið pláss á síðunni að þær ýta hluta viðkomandi ljóðs yfir á næstu blaðsíðu.⁶³ Í *Jüngling und Mädchen* notar Poestion neðanmálsgreinar til að miðla þeim fáu upprunalegu aftanmálsgreinum sem höfundurinn hafði sjálfur samið og til að hjálpa aðeins til við lesskilning, t.d. varðandi gælunöfn. Aftanmálsgreinar Poestions eru stundum aðeins örfá orð til skýringar, t.d. um örnefni, máls hætti eða staði, en mun oftast er um að ræða langa texta, sem fylla stundum heilu blaðsíðurnar. Samanburður á fyrstu útgáfunni og þeim síðari sýnir að Poestion setur ekki aðeins fram víðtækari upplýsingar í síðari útgáfum heldur vísar einnig í mörg rit til viðbótar. Margar skýringa hans líkjast stuttum ritgerðum um afmörkuð efni eða færslum í alfræðiriti. Dæmi um þetta eru athugasemdirnar um *glímu* og *fald*, sem gætu allt eins komið úr ferðabók eða þjóðfræðiriti.⁶⁴ Á stöku stað jaðrar upplýsingagjöfin við fáránleika, til dæmis í kaflanum sem gerist á Bessastöðum, en þar lætur þýðandinn

63 Poestion, *Steingrímur Thorsteinsson*, bls. 108–109; *Eislandblüten*, bls. 24–25.

64 *Jüngling und Mädchen*, 1900, aftanmálsgreinar 2, bls. 192–193 og 27, bls. 194–195.

fylgja langan texta um sögu og starfsemi skólans með upplýsingum um staðsetningu, skipulag og jafnvel námskrá og kennaralista Bessastaðaskóla.⁶⁵ Sumar athugasemdanna auka auðsjáanlega ekkert á skilning lesandans á sögunni heldur þjóna öðrum tilgangi. Skáldsagan hefst á þessari setningu:

Á austan verðu Íslandi liggur hérað eitt, mikið og fagurt, er hérað heitir; þar gerðist saga sú, er hér skal rituð. Hérað þetta er all fjölbyggt, en var þó betur bæjum skipað á dögum Síðu-Halls, og sést nú víða að eins fyrir tóptum, þar sem sögunnar segja, að verið hafi vel hýst höfðingjasetur.⁶⁶

Punktarnir fimm í héraðsheitinu gefa til kynna að um skáldaðan stað sé að ræða. Poestion notast hér við þrjár stjörnur í þýðingu sinni. Aftur á móti vísar textinn einnig í Síðu-Hall, sögulega persónu sem var uppi í kringum árið 1000 á Austurlandi. Lesendur frumtextans hafa haft einhverja hugmynd um þetta en ólíklegt er að þeir hafi þekkt lífshlaup Síðu-Halls. Þekking af þessu tagi skiptir engu máli heldur; einu upplýsingarnar sem lesendur þurfa á að halda eru að söguviðið er á Austurlandi. En þýðandinn bætir strax við fyrstu aftanmálgreininni og útskýrir hver Síðu-Hallur hafi verið, hvar og hvenær hann hafi verið uppi, fyrir hvað hann sé þekktur, að Íslandi hafi verið skipt í fjórðunga o.s.frv. Einnig gefur hann upp heimildatilvísanir í tvær sinna eigin bóka, *Island. Das Land und seine Bewohner* og *Einleitung in das Studium des Altnordischen*.⁶⁷ Þar sem þessi skýring bætir litlu sem engu við skilning lesenda á sögunni hlýtur markmiðið að vera af öðrum toga. Þýðandinn leggur fram umfangsmiklar upplýsingar um samhengi sögunnar sem ná langt út fyrir textann og með því bendir hann á og miðlar þeirri þekkingu sem hann hefur víðað að sér af eljusemi. Ef til vill má segja að hér glitti í ákveðinn hégóma sérfræðingsins.

Í inngangstextunum og athugasemdunum er athyglisvert að þýðandinn fellir sjálfan sig og lesendur undir hið sameiginlega fornafn „wir/við“, í fyrstu persónu fleirtölu. Þar vísar hann til þýskumælandi, mið-evrópsks samfélags sem er menningarlega frábrugðið

65 Sama rit, aftanmálgrein 26, bls. 193–194.

66 Jón Þ. Thoroddsen, *Piltur og stúlka. Dálitil frásaga*, Ísafjörður: Skúli Thoroddsen, 1895, bls. 1.

67 *Jüngling und Mädchen*, 1900, aftanmálgrein 1, bls. 188.

hinu íslenska. Það er þó ekki einungis frábrugðið heldur álitnið vera á hærra stigi. Dæmi þess kom þegar fram í tilvitnun hér að ofan, þar sem Poestion dæmði gæði íslenskra bókmennta á grundvelli þeirra þýsku og útskýrði af hverju ekki væri sömu menningarlegu ávaxta að vænta á Íslandi og í þýskumælandi löndum. Inn í þessa andstöðu þýskumælandi wir/við-samfélagsins (þ. *Wir-Gemeinschaft*) og íslensku þjóðarinnar, eða okkar og hinna, slæðast einkenni forræðis- og yfirráðahyggju, sem gera þýðandanum ekki einungis kleift að setja fram hlutlausar skýringar heldur einnig afdráttarlaust og hlaðið gildismat, til dæmis:

9. Kaffi, brennivín og tóbak voru í þá daga helsta nautn fátæks Íslendinga, og ósjaldan sólundaði hann peningum sem hann hafði þénað með ærinni fyrirhöfn eða fengið að gjöf í þessa hluti, í stað þess að sjá sér fyrir fatnaði og öðrum nauðsynjum, sem sveitarfélagið þurfti svo að útvega honum [...].

10. Það er athyglisvert, að Íslendingar sem annars eru svo náttúrlegir og einfaldir og hafa tekið upp hlutfallslega fá útlend orð í mál sitt, hafa upp á síðkastið tekið upp útlenskt titlatog sem lætur skringilega í eyrum okkar [...].⁶⁸

Þegar meðaumkunarorðin og hið skilyrta lof sem kemur fram í inngangstextunum eru tekin með í reikninginn kemur í ljós skýr mynd af ójöfnuði. Meðlimur stærra, betur megandi og valdameira mið-evrópsks samfélags horfir af velvilja, en þó frá sjónarhóli þess sem er í mikilli yfirburðastöðu, á meðlimi annars samfélags, sem í þessari framsetningu eru síður þróaðir, einfaldir, saklausir, frumstæðir og forpokaðir. Þessa afstöðu má túlka sem ákveðið form Austurlandahyggju eða óríentalisma innan Evrópu⁶⁹, sem var útbreidd í ferðalýsingum og þjóðfræðilegum ritum um Ísland og önnur jaðarsvæði og teygir anga sína fram í ferðaþjónustu

68 „9. Kaffee, Branntwein und Tabak erschienen dem armen Isländer damals als höchster Genuß, und nicht selten vergeudetete er mühsam erworbenes oder geschenktes Geld auf diese Dinge, statt für Kleidung und sonstige unentbehrliche Gegenstände zu sorgen, die dann von der Gemeinde beschafft werden mußten [...].“

10. Es ist interessant, daß die Isländer, welche sonst so natürlich und einfach sind und in ihre Sprache verhältnismäßig wenig fremde Wörter aufgenommen haben, doch bis auf die letzte Zeit einige, für uns komisch klingende, ausländische Titulaturen gebrauchen [...].“ – *Jüngling und Mädchen*, 1900, aftanmálsgreinar 9 og 10, bls. 189.

69 Edward Said, *Orientalism*, New York: Vintage, 1978.

nútímans.⁷⁰ Ómögulegt er að líta fram hjá valdahallanum milli þess sem skrifar og þeirra sem skrifað er um, en í skrifunum er gengið út frá þessum mismun sem sjálfsgöðum hlut.

8. Fullyrðingar um þýðingarstefnu

Sé leitað í hinum umfangsmiklu hliðartextum Poestions að beinum skýringum á nálgun hans við þýðingarstörf eða þýðingarstefnu hans koma aðeins stuttar og yfirborðskenndar staðhæfingar í ljós. Þær tengjast oft frekar almennum fullyrðingum um að íslenskan sé „óvenju erfið“, sem leiði til þess að „jafnvel besta þýðing íslenskra ljóða hafi fjarri því sama áhrifamátt og frumverkin, sem flest ein-kennist af afar áhrifaríkri málbeitingu“.⁷¹ Poestion telur til dæmis að sér séu takmörk sett við val á ljóðum, því honum þyki erfiðast að þýða þau fegurstu þannig að úr verði „listræn þýðing sem komist aðeins nærri því að vera jafn áhrifarík og frumtextinn“.⁷² Hann tilgreinir engar nánari ástæður eða dæmi, svo ómögulegt er að segja til um það í hverju þessir erfiðleikar fólust. Í formálanum að *Isländische Märchen* útskýrir Poestion að hann hafi ekki viljað hrófla um of við upprunalegum og frumstæðum blæ þeirra, sérstaklega þar sem þau búi „á annan bóginn yfir barnslegri einfeldni og á hinn bóginn grófu en heilbrigðu skopskyni“ og fjalli því „blygðunarlaust og barnslega opinskátt“ um hluti og aðstæður „sem við fagaða fólkið erum vön að vísa aðeins til undir rós“.⁷³ Hann gefur hins vegar hvorki dæmi um þetta né nánari upplýsingar um aðferðafræði sína. Þetta hljómar eins og ósk um umburðarlyndi, eða öllu heldur um að þýðandanum verði ekki álasað fyrir mögulegt frjálrsæði í vel-sæmismálum, því það eigi rætur sínar að rekja til frumstæðrar, og um leið óæðri, menningar.

Í *Eislandbliiten* útskýrir Poestion að hann hafi viljað endurskapa „frumtextana með mestu mögulegu tryggð við hrynjandi og innihald“, sérstaklega þar sem þeir myndu glata svo miklu af

70 Lerner, *Von der ädtesten und traurigsten Gegend zur Insel der Träume*; Sumarliði Ísleifsson, *Tvær eyjar á jafninum. Ímyndir Íslands og Grænlands frá miðöldum til miðrar 19. aldar*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, Sagnfræðistofnum Háskóla Íslands, 2015.

71 Poestion, *Steingrímur Thorsteinsson*, bls. 4.

72 Poestion, *Eislandbliiten*, bls. VIII.

73 *Isländische Märchen*, bls. XXII.

„sérkennum sínum“ væri frjalsari aðferð beitt.⁷⁴ Hann hefði, að eigin sögn, auðveldlega getað gert róttækari breytingar til að aðlaga „stundum allt að því fráhrindandi *séríslenska* bragarhætti *rím-lausra* ljóða“ fyrir þýsk eyru en hafi kosið að gera það ekki.⁷⁵ Þessi lýsing rennur greinilega út í enn eina afsökunarbeiðni, en þær eru eins konar leiðarstef hjá Poestion. Það sama á við um staðhæfingar í *Isländische Dichter*, en samkvæmt þeim á íslensk ljóðlist „svo djúpar rætur í einstöku þjóðlífi innfæddra“ og fá slagkraft sinn gegnum „svo haganlega meðhöndlun á máli og rími“ að „jafnvel meistaralegasta þýðingalist“ gæti aldrei miðlað henni að fullu.⁷⁶ Í grein frá 2006 ber Jón Bjarni Atlason þýðingar Poestions á *Sigrúnarljóðum* Bjarna Thorarensens saman við þýðingar Margarethe Lehmann-Filhés.⁷⁷ Hann gerir einnig þessa áberandi „afsökunarhneigð“ Austurríkismannsins að umtalsefni. Að auki tekur hann undir með Arthúr Björgvin Bollasyni, sem hafði í útvarpserindi fjallað um þýðingu Poestions á fyrsta erindi *Dalvísu* Jónasar Hallgrímssonar og gagnrýndi hana fyrir of mikla nálægð hennar og trúfestu við frumtextann. Jón Bjarni kallar þessa tilhneigingu Poestions „einn helsta galla þeirrar aðferðar sem hann kaus“.⁷⁸

Samanburður mismunandi útgáfna af *Jüngling und Mädchen* leiðir í ljós að Poestion stytta útskýringar sínar á þýðingarstefnu sinni í síðari útgáfum, sem voru þó stuttar fyrir. Á sama tíma jók hann umfang nærtextanna töluvert og bætti við fjölda fjærtexa. Þetta er mest áberandi þar sem eftirfarandi athugasemd er fjarlægð úr aftanmálsgreinum síðari útgáfna, þótt samsvarandi fimm erinda ljóð sé enn hluti megintextans:

Hér gerði ég tilraun til að gera tryggja eftirlíkingu af íslenska frumljóðinu, þar sem notast er við stuðlun auk endaríms. Sjá t.d. annað erindið:

74 *Eislandblüten*, bls. IX.

75 Sama rit, bls. IX, skáletrun þar.

76 Poestion, *Isländische Dichter*, 1897, bls. III.

77 Jón Bjarni Atlason, „Glöð skulum bæði við brott síðan halda brennandi í faðmlögum loftvegu kalda ...“. Josef Calasanz Poestion og þýðing hans á Sigrúnarljóðum Bjarna Thorarensens“, *Jón á Bægisá*. Tímarit þýðenda 10/2006, bls. 24–42.

78 Sama rit, bls. 31.

An Verstand und Lieb' erstark'
 Und stets sei fromm gesinnt;
 Immer bleib' von Erdentrug
 Du unberührt, mein Kind!⁷⁹

Ástæður þýðandans fyrir því að fjarlægja þessar skýringar eru óljósar. Stefnan liggur hins vegar í augum uppi: Hann setur það ekki í forgang að skýra einstakar aðgerðir sínar sem þýðanda, þótt hann hafi annars haft tilhneigingu til að semja gríðarlega ítarlegar skýringar og hvergi farið leynt sem túlkandi frumtextans og samhengis hans í víðum skilningi. Séu athugasemdir þýðandans í *Jüngling und Mädchen* greindar og flokkaðar eftir flokkunarkerfi Ellenar McRae, sem var nefnt hér að ofan, má sjá að Poestion lagði mesta áherslu á að útskýra upprunamenningu verksins. Skýringar á tungumála- og menningarmun setti hann í annað sæti. Um hlutverk sitt sem þýðanda þagði hann mestanpart þunnu hljóði og fjarlægði jafnvel fyrri skýringar úr síðari útgáfum.

Í sumum tilvikum er ljóst að Poestion treysti eigin dómgreind betur en dómgreind frumhöfundar. Skipting textans í 38 kafla var nefnd fyrir í greininni. En Poestion er líka gagnrýninn á þær breytingar sem Jón Thoroddsen gerði sjálfur á bók sinni. Í formálanum að fyrstu útgáfu *Jüngling und Mädchen* segist hann hafa notast við frumútgáfuna frá 1850.⁸⁰ Athugulan lesanda rennir í grun að hann hafi ekki þekkt útgáfuna frá 1867 eða að minnsta kosti ekki haft aðgang að henni. Í formála síðari útgáfna þýðingarinnar nefnir hann seinni útgáfu frumtextans. Hann útskýrir í fáum orðum að örfáar breytinganna í henni hafi verið eftirtektarverðar. Innskot sem höfundur hafi ráðist í sé aftur á móti „ekki sérlega vel heppnað“ og hafi því ekki verið haft með í þýðingunni.⁸¹ Hér á Poestion við 22 blaðsíðna langa viðbót sem geymir heldur yfirdrífna brúðkaups-senu sem jaðrar við háðsádeilu.⁸² Hér lætur þýðandinn einnig eigið gæðamat vega þyngra en ákvörðun frumtextahöfundarins. Hann

79 „Ich habe hier eine getreue Nachbildung des isländischen Originalgedichtes versucht, in welchem außer dem Endreim auch der Stabreim angewendet ist. Siehe z.B. die zweite Strophe ...“ – *Jüngling und Mädchen*, 1883, aftanmálsgrein 53, bls. 153, feitletrun þar.

80 Sama rit, bls. 7.

81 *Jüngling und Mädchen*, 1900, bls. 10.

82 Már Jónsson, „Skáldsagan Piltur og stúlka“, bls. 159.

var að vísu ekki einn um þessa skoðun. Benedikt Gröndal, sem var hrifinn af *Pilti og stúlku* heilt á litið, tók fyrri útgáfuna fram yfir þá síðari og segir að þar hafi höfundurinn leiðst út í „að koma með ýms orð sem honum hafa fundist findin, en sem oss finnast ófindin“.⁸³ Eftirtektarvert er að um leið og þýðandinn hundsaði brúðkaupsviðbótina sem honum fannst misheppnuð, fjarlægði hann eigin aftanmálgrein upp á heila blaðsíðu sem fjallaði einmitt um brúðkaupsvenjur á Íslandi.⁸⁴ Þeir meintu brúðkaupssiðir sem Poestion lýsti voru býsna fantasíukenndir en voru sagðir byggja á ferðalýsingum. Líklegt verður að telja að Poestion hafi orðið meðvitaður um að þessar lýsingar voru frekar uppspuni en annað og fjarlægt aftanmálgreinina af þeim sökum. Poestion tjáir sig ekki um síðara, styttra innskotið sem Jón Thoroddsen bætti við í 37. kafla og það er heldur ekki að finna í þýðingu hans. Ekkert bendir heldur til þess að Poestion hafi aðlagð málfar í síðari útgáfum sínum að seinni útgáfu frumtextans. Honum virðist hafa fundist það ónaudsynlegt, óæskilegt eða einfaldlega of mikil fyrirhöfn.

9. Samantekt

Þrátt fyrir að Jósef Calasanz Poestion hafi lítið tjáð sig um eiginleg þýðingarstörf sín er unnt að greina viðhorf hans eins og þau birtast í hinum umfangsmiklu hliðartextum sem hann lét fylgja þýðingum sínum. Áberandi er að hann taldi mjög mikilvægt að hafa sterka nærveru í þýðingunum og til þess notaði hann fjölda nærtexata. Hann var hvorki sérlega hlédrægur gagnvart frumtextanum né höfundi hans, heldur tók sér þann rétt að breyta textanum og framfylgja eigin gæðamati.

Meginmarkmið hans með þýðingunum mætti skilgreina sem landkynningar- og bókmenntasöguleg. Hann vildi kynna land og þjóð og valdi til þess dæmi úr íslenskum bókmenntum. Frumtextana sjálfa undirskipaði hann þessum ásetningi. Við slíkar aðstæður eiga megintextarnir, þ.e. þýðingarnar sjálfar, á hættu að hverfa á bak við merkilega umfangsmikla fylgitexta eða falla að minnsta kosti í skuggann af þeim.

83 Benedikt Gröndal, „Um hagi Íslands“, *Gefn* 3(2)/1872, bls. 48–62, hér bls. 60.

84 *Jüngling und Mädchen*, 1883, aftanmálgrein 24, bls. 147–148.

Þýðandinn Poestion birtist sem stýrandi valdhafi sem stjórnaði aðgangi að textunum eða – svo notast sé við mynd Genettes af anddyrinu – tók á móti lesendum við innganginn og vísaði þeim inn með ótvíræðum hætti. En Poestion tók sér ekki einungis stöðu kennara og upplýsts fræðimanns gagnvart viðtakendum og lesendum sínum, heldur tók hann sér fyrirfram mótaða, ráðandi stöðu gagnvart íslenski menningu. Hann notaðist við andstæðuparið við og hinir. Sjónarhorn hans á Ísland einkenndist af einlægum áhuga, velvilja og miklum mætum á nákvæmri þekkingu. Afstaða hans var hins vegar oft yfirlætisleg og tók mið af viðhorfum frá (Mið-)Evrópu sem gerðu mikið úr framandleika viðfangsefnisins. Sambandið á milli hlutaðeigandi menningarheima mótaðist auðsjáanlega af ójöfnuði, menningu þýðandans í hag.

Á ferli sínum sem Íslandssérfræðingur sendi Poestion frá sér fjölda rita af ýmsu tagi sem hann tengdi sífellt hvert við annað gegnum tilvísanir. Afleiðingin varð sú að auk þeirra nærtexa sem til staðar voru í hverri bók fyrir sig varð til umfangsmikið og áhugavert safn fjærtexa, sem í heild sinni mynduðu umtalsvert verk Poestions um Ísland. Þýðandinn Poestion og höfundurinn Poestion unnu markvisst og nær óaðgreinanlega að þessu verki.

María Helga Guðmundsdóttir þýddi úr þýsku

ÚTDRÁTTUR

Nærvera og túlkun þýðandans
Notkun hliðartexta í þýskri þýðingu á *Pilti og stúlku*
eftir Josef C. Poestion

Í þýðingafræðilegri orðræðu undanfarinna áratuga hefur mikið verið fjallað um ósýnileika þýðandans og þessi ósýnileiki verið gagnrýndur. Það er því áhugavert að skoða sögulegar þýðingar þar sem þýðandinn var afar sýnilegur og nærvera hans mikil. Þannig er það í þýðingum Josefs C. Poestion úr íslensku yfir á þýsku. Austurríski þýðandinn notaði fjöldann allan af hliðartextum eða paratextum á borð við tileinkanir, formála, neðanmáls- og aftanmálsgreinar o.fl. til að koma athugasemdum og upplýsingum á framfæri. Segja má að hann hafi átt í stöðugu samtali við lesendur sína. Í greininni eru þessir hliðartextar skoðaðir enda má lesa úr þeim afstöðu þýðandans til frumtextans og frumhöfundar en einnig til íslensku þjóðarinnar. Spurt er hvernig hann túlkaði verkefni þýðandans og hvert markmið hans var með þýðingum sínum úr íslensku. Einnig verður sýnt fram á að þýðandinn gekk út frá ákveðnu ójafnræði á milli menningarheima, þar sem hinn þýskumælandi taldist miðlægur en hinn íslenski var staðsettur á jaðrinum með tilheyrandi valdahalla.

Lykilorð: þýðingar, hliðartextar, J. C. Poestion, sýnileiki þýðandans, vald

ABSTRACT

**A Translator's Presence and Interpretations:
The use of paratexts in J.C. Poestion's German
translation of *Piltur og stúlka* by Jón Thoroddsen**

In recent decades, a discourse on the invisibility of the translator has emerged in translation studies, and this invisibility has been criticized. It is interesting, therefore, to examine historical examples of translations where the translator is highly visible and present. This is true of the translations of Josef C. Poestion from Icelandic into German. The Austrian translator made use of a vast range of paratexts, such as dedications, prefaces, footnotes, endnotes etc., to provide commentary and information. He may be said to have engaged in constant conversation with his readers. This article examines these paratexts, which reveal the translator's attitude toward the source text and its author, as well as toward the Icelandic nation. The paper questions and analyses his interpretation of the task of the translator and his objective in translating Icelandic texts into German. It will also demonstrate that the translator assumed a certain inequality between cultural spheres, placing German-language culture in the center and Icelandic culture on the periphery, with an attendant imbalance of power.

Keywords: translation, paratexts, J. C. Poestion, visibility of the translator, power